| VKL- 602 | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 1.0 | | |
| Dags.: 25.8.2022 | **Verklagsregla um skilgreiningu umhverfisþátta og markmiðssetningu til að draga úr umhverfisáhrifum** | |
| Höfundar. BV og SG | | Græn skref í ríkisrekstri: Skref 5 |
| Síða 1 | | Ábyrgð: Skólameistari |

## Tilgangur og gildissvið

Tilgangur verklagsreglunnar er að skilgreina umhverfisþætti sem eru þýðingarmiklir í starfsemi Fjölbrautaskólans við Ármúla og setja markmið um að draga úr umhverfisáhrifum þeirra.

## Ábyrgð

Skólameistari ber ábyrgð á verklagsreglunni. Hann sér um að unnið sé eftir henni og ber ábyrgð á því að umhverfisþættir, sem varða Fjölbrautaskólann við Ármúla séu skilgreindir og markmið sett til að draga úr umhverfisáhrifum í starfsemi skólans. Hann sér einnig til þess að farið sé yfir þessa þætti og markmið endurskoðuð reglulega.

## Framkvæmd

Bókari og verkefnisstjórar umhverfismála sjá til þess að þýðingarmiklir umhverfisþættir séu skilgreindir og markmið séu sett fram í umhverfisstefnu og loftslagsstefnu Fjölbrautaskólans við Ármúla, ásamt Grænu bókhaldi. Þetta skal yfirfarið einu sinni á ári og breytingar gerðar jafnóðum og skjalfestar í stefnuskjölum